

Aðalfundur foreldrafélags Grunnskóla Húnaþings vestra haldinn í matsal grunnskólans fimmtudaginn 19. október 2023 kl. 17:00.

- Júlíus Guðni, formaður félagsins setur fund og Eydís Bára skólastjóri ritar fundargerð
1. Júlíus Guðni fer yfir skýrslu stjórnar. Hugmyndir voru í fyrra að reyna að efla starfið með því að virkja bekkjarfulltrúa úr öllum bekkjum. Það tókst að fá fulltrúa úr flestum bekkjum en virtist vera lítil áhugi á starfinu. Hefur verið deifð yfir foreldrastarfinu. Spurning hvort það þýði að allir séu bara sáttir við það sem er í gangi. Foreldrafélagið styrkti leiksýningu frá Kómedíuleikhúsinu á síðasta skólaári. Eitt sæti er laust í stjórn.
 2. Júlíus Guðni fer yfir reikninga félagsins. Ársreikningur fyrir 24. september 2022 - 19. október 2023. Samtals tekjur voru 40.092 kr. Gjöld voru samtals 103.864 kr. Tap upp á 63.772 kr. Eigið fé í lok tímabils var 446.385 kr. Félagsgjöld hafa verið send út sem valkvæðar greiðslur. Ársreikningur borinn upp til samþykktar og samþykktur samhljóða.
 3. Kosningar - kjósa þarf einn fulltrúa í stjórn. Tillaga um að Elsche sé endurkjörin og Júlíus Guðni gefur ekki kost á sér áfram. Tillaga samþykkt. Elísabet Sif Gísladóttir á eitt ár eftir af sinni stjórnarsetu.
 - 1) Stjórnarmaður til tveggja ára: Herdís Harðardóttir
 - 2) Þrír varamenn: Eva Lind Helgadóttir, Hjördís Bára Sigurðardóttir og Ingvar Óli Ólafsson.
 - 3) Skoðunarmaður reikninga: Halldór Sigfússon, varaskoðunarmaður: Gerður Rósa Sigurðardóttir.
 4. Önnur mál
 - a. Umræður um aðkomu foreldrafélagsins m.a. til tækjakaupa.
 - b. Er á planinu í vetur að fara í áheitasöfnun til að geta sett upp bambahús.
 - c. Halda sameiginlegan fund með nemendaráði og foreldrafélagi
 - d. Hafa verið umræður um að endurvekja vorhátíð, hægt að fá foreldrafélagið í samstarf varðandi það
 - e. Hugmynd um hvort skólinn í samvinnu við tónlistarskólann geti boðið upp á t.d. upptökunámskeið
 - f. Umræður um hvort betra sé að hafa aðalfund félagsins í apríl. Tekið vel í þá hugmynd.
 - g. Hugmynd um að finna nafn á matsal skólans. Tillaga kom fram um nafnið Káraborg. Málið verður sett í nefnd.

Fundargerð lesin upp til samþykktar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:53